

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 73/95
frá 15. desember 1995**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/95 frá 18. júlí 1995⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins 95/C 169/02 frá 19. júní 1995 um tilflutning á sviði flugrekstrar⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 83. lið (ályktun ráðsins 95/C 169/01) í XIII. viðauka við samninginn:

„84. 395 Y 0705(03): Ályktun ráðsins 95/C 169/02 frá 19. júní 1995 um tilflutning á sviði flugrekstrar (Stjtið. EB nr. C 169, 5. 7. 1995, bls. 3).“.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 169, 5. 7. 1995, bls. 3.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 95/C 169/02 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Berg

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik M. Sucker